



Fjölmennur félagsfundur Skorað á ríkisstjórn

"Skýr svör án frekari tafa.."

Aðalfundi ÍÆ sem boðaður var 28. mars var frestað vegna óvissu um gerð þjónustusamnings við Innanríkisráðuneytið.

Þegar framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rann út höfðu engin framboð borist félaginu. Enginn núverandi stjórnarmanna gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn félagsins við þær óöruggu rekstrarforsendur sem nú blasa við.

Í stað aðalfundar var boðað til almenns félagsfundar til að skýra stöðu félagsins fyrir félagsmönnum. Fundurinn var gríðarlega fjölmennur og var algjör samstaða um afstöðu fundarins sem kom fram í eftirfarandi ályktun:

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar hefur frá árinu 2009 staðið í viðræðum við Innanríkisráðuneytið vegna beiðni um aukin fjárframlög til félagsins.

Enginn ágreiningur er á milli aðila um þau verkefni sem ættleiðingarfélaginu er falið að annast með vísan til laga og reglugerða, né er uppi ágreiningur um hvað það kostar að sinna þeim verkefnum.

Framlög til ættleiðingarfélagsins eru í engu samræmi við þennan kostnað. Innanríkisráðherra lagði fram minnisblað fyrir ríkisstjórnarfund hinn 9. mars 2012 þar sem málefni ættleiðingarfélagsins voru rædd. Ekkert kom út úr þeim fundi.

Blasir því við að ættleiðingarfélagið þurfi að hætta við verkefni sem getur

sett tilvist þess og hagsmuni félagsmanna í mikla óvissu. Þjónusta til félagsmanna verði skorin niður og ættleiðingarsambönd við erlend ríki sett í hættu.

Félagsfundurinn skorar á innanríkisráðherra og ríkisstjórn Íslands að tryggja að Íslenskri ættleiðingu, sem hefur verið falin framkvæmd á fjölmörgum þáttum Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði gert kleift að uppfylla skyldur sínar.

Jafnframt fer fundurinn fram á að innanríkisráðherra gefi án frekari tafa skýr svör um hvort af fjárveitingu verði í samræmi við drög að þjónustusamningi.

Bréf til Innanríkisráðuneytis

ÍÆ getur ekki haldið nauðsynleg undirbúningsnámskeið

Brestur í grundvelli ættleiðinga

Eitt af hlutverkum löggilts ættleiðingarfélags er að bera ábyrgð á að væntanlegir kjörforeldrar, sem félagið annast milligöngu fyrir, sæki námskeið til undirbúnings ættleiðingu á erlendu barni, svo sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar um ættleiðingarfélög. Þar segir jafnframt að upplýsingar um tilhögun námskeiðs skuli senda ráðuneytinu til staðfestingar.

Áður en forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er gefið út skulu umsækjendur leggja fram staðfestingu á því, að þeir hafi sótt námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags um ættleiðingar erlendra barna samanber 20. gr. reglugerðar um ættleiðingar. Heimilt er þó að gefa út forsamþykki áður en umsækjendur hafa sótt námskeið hafi slíkt námskeið ekki verið haldið frá því að umsókn um forsamþykki barst sýslumanni og öll önnur skilyrði fyrir útgáfu þess eru uppfyllt. Sé slíkt forsamþykki gefið út skulu umsækjendur staðfesta skriflega að þeir muni sækja fyrsta mögulega námskeið.

Ofangreind ákvæði reglugerða eiga sér stöð í lögum um ættleiðingar og eru í fullu samræmi við Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa og handbókar við þann samning, enda er undirbúningur væntanlegra kjörforeldra einn af mikilvægustu þáttunum í að tryggja velferð kjörbarns. Það er niðurstaða fjölda rannsókna að góð þjálfun og fræðsla væntanlegra kjörforeldra sé lykilatriði.

Íslensk ættleiðing hefur staðið mjög vel að námskeiðum fyrir verðandi kjörforeldra síðan ákvæði um þau voru sett í reglugerð árið 2005. Samið var við einn virtasta fagmann á þessu sviði á Nordurlöndum, Lene Kamm, um afnot af námskeiðum

sem hún hefur samið og notuð eru víða. Tvær handbækur voru þýddar og gefnar út og Lene kom hingað margoft til að staðfæra námskeiðin, velja leiðbeinendur, þjálfá þá og handleiða. Námskeiðin eru að jafnaði haldin tvisvar til þrisvar á ári og í þjónustukönnunum félagsins kemur fram mikil og almenn ánægja með námskeiðin, innihald þeirra og fyrirkomulag.

Eftir að ákvæði um námskeið fyrir verðandi kjörforeldra voru sett í reglugerð varð kostnaður ættleiðingarfélagsins við að staðfæra efni, semja við höfund þess, velja leiðbeinendur og þjálfá þá rúmlega þrjár milljónir króna. Sótt var um fjárveitingu til Dómsmálaráðuneytisins vegna þessa kostnaðar, þeirri beiðni var hafnað. Frá árinu 2006 hafa námskeið fyrir verðandi kjörforeldra verið haldin 18 sinnum, tvisvar varð ekki fjarhagslegt tap fyrir félagið að halda námskeið. Þáttökugjöld fyrir námskeið og gjaldskrá ÍÆ er háð athugun og samþykki Innanríkisráðuneytis.

Nú er komið að því að semja þarf við Lene Kamm að nýju um afnotarétt af efni hennar. Jafnframt er brýnt að fjölga leiðbeinendum að nýju en síðan árið 2009 hefur einungis eitt tveggja manna teymi leiðbeinenda verið starfandi á vegum félagsins sem hefur marga vankanta í för með sér. Til stóð að fjölga leiðbeinendum strax árið 2009 en þá skilaði starfshópur á vegum Dómsmálaráðuneytisins skýrslu um námskeiðin þar sem greina mátti ýmsar vangaveltur um breytingar og af hálfu ættleiðingarfélagsins var beðið viðbragða frá ráðuneytinu við skýrslunni. Í skýrslu Hrefnu Friðriksdóttur sem hún tók saman fyrir Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið í árslok 2010 eru einnig uppi hugmyndir

um að þjálfun og fræðsla verðandi kjörforeldra verði fyrir komið annars staðar en hjá ættleiðingarfélagi til að koma í veg fyrir svokallaða hagsmunaárkestra þó það sé ekki skýrt nánar. Starfshópur á vegum Innanríkisráðuneytisins sem vinnur að mótun nýrrar ættleiðingarlöggjafar vinnur á grunnni áðurnefndrar skýrslu Hrefnu en hefur ekki tekið afstöðu til framtíðarfyrirkomulag námskeiða.

Innanríkisráðuneytinu er vel kunnugt um þröngan fjárhag ættleiðingarfélagsins. Frá árinu 2009 hafa fulltrúar félagsins verið í viðræðum við ráðuneytið og forvera þess um breytingar á fjárframlagi til félagsins. Fyrir liggja drög að þjónustusamningi milli Innanríkisráðuneytisins og Íslenskrar ættleiðingar en ekki hefur tekist að tryggja fjárframlag svo ljúka megi samningsgerðinni. Á þessum tíma hafa aðstæður félagsins versnað eins og kunnugt er og skemmst er að minnast þess að fresta varð aðalfundi félagsins vegna óvissu um gerð þjónustusamnings.

Aðstæður ættleiðingarfélagsins eru nú þannig að ekki er svigrúm til að endurnýja samning við höfund námsefnis, ekki eru aðstæður til að velja nýja leiðbeinendur og þjálfá þá og þar að auki er ekki réttlætlanlegt að taka fjárhagslega áhættu af námskeiðshaldi meðan óvissa ríkir um gerð þjónustusamnings milli Innanríkisráðuneytisins og Íslenskrar ættleiðingar.

Með vísan til 19. gr. reglugerðar um ættleiðingarfélög er ráðuneytinu sem eftirlitsaðila með ættleiðingarfélaginu, hér með tilkynnt að við ríkjandi aðstæður getur Íslensk ættleiðing ekki haldið námskeið fyrir verðandi kjörforeldra með sama hætti og áður.

“... Áður en forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er gefið út skulu umsækjendur leggja fram staðfestingu á því, að þeir hafi sótt námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags...”

“... enda er undirbúningur væntanlegra kjörforeldra einn af mikilvægustu þáttunum í að tryggja velferð kjörbarns...”

“...við ríkjandi aðstæður getur Íslensk ættleiðing ekki haldið námskeið fyrir verðandi kjörforeldra með sama hætti og áður...”

Þann 11. apríl
Ritaði stjórn
Íslenskrar
ættleiðingar bréf
til Innanríkis-
ráðuneytisins
þar sem tilkynnt
var um vand-
kvæði við
framkvæmd
undirbúnings-
námskeiða fyrir
verðandi
kjörforeldra.